

KJARASAMNINGUR

milli

Alþýðusambands Íslands, Flóabandalagsins¹, Landssambands íslenskra verslunarmanna, Rafiðnaðarsambands Íslands, Samiðnar- sambands iðnfélaga og Starfsgreinasambands Íslands f.h. aðildarfélaga og VR, Stéttarfélags Vesturlands, VM félags vélstjóra og málmtæknimanna, Félags hársnyrtisveina, Grafíu – stéttarfélags í prent- og miðlunargreinum, Félag leiðsögumanna, MATVÍS og Mjólkurfræðingafélags Íslands

og

Samtaka atvinnulífsins

1.gr.

Grundvöllur samningsins

Samningur þessi byggir á rammasamkomulagi aðila, dags. 27. október 2015 og bókun um lífeyrismál um jöfnun lífeyrisréttinda, dags. 5.5. 2011.

2.gr.

Gildissvið

Samningur þessi tekur til þeirra almennu kjarasamninga sem aðilar gerðu sín á milli á tímabilinu maí til september 2015. Aðra kjarasamninga aðila, sem og samninga sem byggja á 5. kafla aðalkjarasamninga um fyrirtækjapátt, skal uppfæra sérstaklega í samræmi við grein 2.b. í rammasamkomulagi, dags. 27. október 2015, sem segir að kostnaðarhækkun vegna kjarasamninga (að meðtöldum kostnaði vegna jöfnunar lífeyrisréttinda) skuli ekki verða meiri en samsvarar vísitölugildinu 132 í árslok 2018, miðað við gildið 100 í nóvember 2013. Þessari vinnu verði lokið fyrir lok mars og miðist við að breytingar taki gildi á sömu dagsetningum og í þessum samningi.

3. gr.

Framlag í lífeyrissjóði

Framlag launagreiðenda hækki og verði eftirfarandi:

Frá 1. júlí 2016: 8,5%.

Frá 1. júlí 2017: 10,0%.

Frá 1. júlí 2018: 11,5%.

Samstaða er meðal aðila vinnumarkaðar um samræmingu lífeyrisréttinda milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins þannig að einstaklingum á vinnumarkaði verði, við 67 ára aldur, tryggður mánaðarlegur ellilífeyrir sem nemi 76% af meðaltals mánaðartekjum sem viðkomandi höfðu á starfsævinni. Almenna lífeyriskerfið hefur hingað til miðast við 56%. Þessi trygging felur í sér 35% meiri ávinnslu lífeyrisréttar en áður og næst með hækkun framlags launagreiðenda úr úr 8,0% í 11,5%. Við endurskoðun kjarasamnings ASÍ og SA um lífeyrismál, sem ljúka skal fyrir lok maí 2016, verði einstaklingum heimilt að ráðstafa, að hluta eða fullu, 3,5% auknu framlagi

¹ Til Flóabandalagsins teljast Efling-stéttarfélag, Verkalýðsfélagið Hlíf og Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis



F.h. VR


Ólafur Þorvaldsson
F.h. Flóabandalagsins og Stéttarfélags Vesturlands

F.h. Landssambands íslenskra verslunarmanna/VR


Guðrún Ómarsdóttir


F.h. Rafiðnaðarsambands Íslands


Kristinn Þórður Snævarn


F.h. Samiðnar - sambands iðnfélaga


Hilmar Harðarson

F.h. Starfsgreinasambands Íslands


Þórir Þórssen

F.h. félaga með beina aðild


Sverrir Ragnasson